

Föstudagur 11. desember 2009


Seðlabanki Evrópusambandsins aðvarar Eystrasaltsríkin - Lettland, Eistland og Litháen - um að löndin eigi á hættu að sogast inn í ennpá eina og nú nýja kreppu ef þau skeri ekki ennpá meira niður og sýni harðara aðhald í peningamálum ríkjanna til að styðja betur við einhliða bindingu mynta landanna við myntina evru. "Reynsla þessara Eystrasaltsríkja sýnir að þau lönd sem hafa ákveðið að binda gegni myntar sinnar einhliða við evru [annað hvort með myntráði eða svipuðu fyrirkomulagi] eigi á hættu að afleiðingarnar verði allt of lágir vextir sem munu knýja öfgakenndar lánveitingar innanlands. Svona öfgakennd útlánastarfsemi mun svo búa til eignabólur sem springa" [eins og gerst hefur nú þegar, eins og ECB veit mæta vel og hefur vitað árum saman].

Guardian í dag: [Debt, deficit, default: where monetarism leads](#)

Það hrun sem er í gangi í þessum ríkjum er mjög alvarlegt. Landsframleiðsla Lettlands hefur dregist saman um 19% á milli ára. Í Eistlandi um 15,6% og í Litháen um 14,2%. Fasteignaverð í Lettlandi hefur fallið um tæp 60% samkvæmt seinustu útreikningum *Global Property Guide*. Seðlabankinn ítrekar að löndin þurfi að gera umheiminum það alveg ljóst að um gengisfellingar eða gengishækkunar geti orðið að ræða þrátt fyrir einhliða bindingu þeirra við Evru. Þetta geti gerst hvenær sem er. Þetta getur líka gerst skyldu löndin loksins ná að uppfylla skilyrðin inn í myntbandalagið.

Mín skoðun: mér finnst að þarna sé ESB og ECB að þvo hendur sínar af yfirvofandi gengisfellingu og engri inngöngu inn í myntbandalagið sem afleiðing af hertum viðhorfum gangvart viðleitni eða þráhyggju þessara landa um inngöngu inn í myntbandalagið. Mér finnst þetta líka vera gagnrýni á fjármálastjórn og efnahagstefnu landanna. ECB segir beinum orðum að aðhald og eftiliti sé ekki nægt, gegnsæi ekki nægt og að atvinnumarkaður virki ekki. *Baltic Business News* vitnar í skjal sem ECB á að hafa tekið fyrir þann 17. nóvember síðastliðinn. Það er dálítill grísk óttalykt af þessu; [BB](#)

Er áratugur með neikvæðum vexti eða núllvexti framundan? Eitthvað varð ég hálf "desillusioneraður" - eins og dóttir mín segir stundum á ísdönsku - af því að lesa grein hagfræðingsins Rebekku Wilder. Greinar hennar eru oft mjög góðar, því miður; [Sit back and relax: the US and China, this is gonna take a while](#)



Er evran landgönguprammi? Spilling er tískuorð á að minnsta kosti á tveimur eyjum og heilu meginlandi. Þetta á ekki bara við núna heldur næstum alltaf. Inn á tölvuskjá minn rataði írski blogg síðan *Sinn Féin Keep Left*. Ástæðan var sú að ég var að "Googla" Finnland. Jahá svona gerist þetta. Þessi írski blogg síða fjallar ekki um Finnland heldur um Írland. Þar var verið að vitna í bókadóm í blaðinu *Guardian*. Bókin heitir: "Fullfermi af fíflum - hvernig heimska og spilling sökkta hinum keltneska tígur"

Irish GDP is now shrinking faster than in any other advanced economy, and the country's gross indebtedness is larger than Japan's

Mín reynsla er sú að það fyrsta sem manni dettur í hug er yfirleitt það rétta. Þegar ég sá mynd bókarkápunnar af þrífóta evrunni þarna á kafi í höfninni í Dyflinni, þá datt mér strax í hug sokkinn landgönguprammi. Búið er að losa og tæma djásnið. Upp er svo sprottinn skógur byggingakrana. Afleiður byggingakrana eru yfirleitt byggingar - og skuldir, miklar skuldir.

En byggjendur eru nú flestir lagstir í rúmið inni í svefnálmunni sem NAMA-ríkisstjórn Írlands er að leigja undir alla þá sem byggðu þessa risastóru svefnálmu - og sem seinna urðu atvinnulausir eftir að þeir voru búnir að losa, tæma og byggja úr prammanum. Það er sem sagt komið að útborgunardegi. Ekki fyrir Íra heldur fyrir þá sem sendu þeim evruna með neikvæðum stýrivöxtum árum saman. Það er að segja, stýrivextirnir voru neikvæðir á Írlandi því þar var verðbólgan miklu hærri en heima á þýska stýrivaxtaheimilinu í Frankfurt. Þessir þýsku vextir stýra svo vel.

Perhaps its best hope now is to revert as soon as possible to third world status and qualify for a loan from the IMF.

Það er eiginlega ekki hægt að hafa eftir það sem stendur um það sem stendur í bókinni. Best er að lesa það í hljóði. En þarna á blogg síðunni er nefnt að Írar verði að byrja þjóðfélag sitt uppá nýtt, því það sé svo spillt. Þetta hefur maður kannski heyrt áður? En

maður, var þetta ekki paradísin sjálf? Var þetta ekki í ESB? Var evran þá sem Trójuhryssa Landgönguprammadóttir fyrir Íra? Já það var hún, greinilega; Bloggsíðan *Sinn Féin Keep Left*; [Time for mutiny on this ship of fools](#)

Svo er það meginlandið sjálft og Brussel. Þar er ástandið víst ekki mikið betra ef marka má skoðanakannanir. Niðurstöður *Eurobarometer* um spillingu í ESB eru eftirfarandi:

Þrír af hverjum fjórum 500 milljón manns Evrópusambandsins segja að það sé mikil spilling í samfélagi þeirra. Þetta eru þá 375 milljón manns sem segja að þeir búi í spilltu samfélagi. Þeir segja að spillingin sé fólgin í samspillingu stjórnmála- og viðskiptalífs. Þetta er ekki nýtt því þetta er það sama og fólk sagði í flestum löndunum árið 2007.

Nema í Finnlandi, því þar segja tvöfalt fleiri Finnar að það sé spilling í finnska samfélaginu en árið 2007 - eða 51% Finna á móti 25% Finna í dag. Það eru fjármál stjórnmálaflokka og einstök skandalamál einstaklinga í fjölmiðlum sem valda þessari breytingu í Finnlandi.

Svipuð en þó verri er sagan í Austurríki. Þar álíta 61% að það sé spilling í þjóðfélagi þeirra á móti 47% á árinu 2007. Austurríkismönnum finnst vera spilling í dómskerfinu, lögreglu og stjórnmálum. Mútur eru þar líka nefndar.

Einna verst er ástandið á Möltu. Þar finnst næstum öllum íbúum þessarar eyju að spilling ríki í samfélagi þeirra, eða 95% á móti 84% árið 2007. Lengi getur vont versnað.


Í Bretlandi álitu 74% land sitt vera spillt. Þetta er 9 prósentustigum verra en árið 2007. Næstum allir Búlgarar álitu samfélag sitt vera spillt, eða 97% þjóðarinnar. Einungis 22% Dana finnst danska samfélagið vera spillt. Margir Íslendingar vita að Danmörk er eitt af fimm Norðurlöndum.

Svo kemur rúsinan í ESB-endanum: Yfir 75% af 500 milljónum íbúum ESB álíta að Evrópusambandið sjálft og stofnanir þess séu spilltar; *EU Observer*; [Europeans see corruption as major problem](#)

Þetta er allt saman frekar "valla valla bing bang"


Fimmtudagur 10. desember 2009

Working day adjusted change in industrial output (BCDE) from corresponding month of previous year, %, TOL 2008



Hagstofa Finnlands birti í morgun tölur yfir iðnaðarframleiðslu Finnlands í október. Miðað við sama tíma á síðasta ári hefur iðnaðarframleiðsla Finnlands dregist saman um tæp 19%. Samkvæmt eigin orðum hagstofunnar hófst "hrun" iðnaðarframleiðslu Finnlands í desember 2008. Á síðustu 12 mánuðum var fallið mest í maí, en þá hafði iðnaðarframleiðsla landsins dregist saman um 25,4% á milli ára.

Mestur var samdrátturinn í rafmagnsvöruiðnaði, rafeindaiðnaði og málmíðnaði þarna í október mánuði í Finnlandi. Þeir geirar sem stóðu sig best voru rafmagnsframleiðsla og matvælaíðnaður; [Hagstofa Finnlands](#)



Standard & Poor's skiptir um skoðun á Spáni. Þetta matsfyrirtæki sem metur m.a. lánshæfni ríkissjóða breytti skoðun sinni á lánshæfni Spánar úr stöðugum horfum í neikvæðar horfur í gær. Þetta er byrjunin á því sama og S&P gerði við Grikkland fyrr í vikunni og getur þýtt að lækkun á lánshæfnismati Spánar sé yfirvofandi innan árs. *S&P* lækkaði síðast mat sitt á lánshæfni Spánar í janúar á þessu ári. Þá fór einkunnin niður í AA+ og er nú sem sagt með neikvæðum horfum. Það er mikill hallarekstur ríkissjóðs Spánar sem fer fyrir brjóstið á S&P og svo mjög lélegar hagvaxtarhorfur í landinu. Lélegar væntingar til hagvaxtar á Spáni í framtíðinni munu m.a. eiga rætur sínar að rekja til væntanlegra stýrivaxtahækkana ECB á Spáni, mikilli skuldabyrði, þverrandi tekjum ríkisins, ósveigjanleika, lélegri samkeppnishæfni og svo til ástandsins á atvinnumarkaði landsins. Bankakerfi landsins er þurrausið því svo fáir vilja lána spænskum bönkum peninga, þrátt fyrir evruaðild landsins. Því hefur verið mikill [samdráttur](#) í útlánum til bæði heimila og fyrirtækja á Spáni.

"Those countries that had these high growth rates are now in trouble because much of that growth was financed by debt," said Paul De Grauwe, a professor of economics at the University of Leuven in Belgium.

Það er búist við að Spánn verði ennþá í samdrætti og djúpri kreppu þegar seðlabanki ESB mun fara út í það á næstunni að klæða öll 16 lönd evrusvæðis í stærra skónúmer stýrivaxta-skótaus þjóðverja og Frakka, en það skótau ber skóstærðar númerið DE/FR XXXLLL. Þeir skór verða að passa á alla þá 16 fætur sem standa innan myntbandalagsins. Þetta þýðir að Spánn mun fá stýrivaxtahækkun sama þó landið sé ennþá á leið niður á við. Þeir eru ekki allir gullfættir sem standa þarna í 16 sporum innan myntbandalagsins. Þetta gæti hraðað för Spánar niður á við til eins konar Afríkuástands því atvinnuleysi hjá öllum á Spáni er um 20% núna og 43% hjá ungmönnum. Sumir hafa spáð 30-35% atvinnuleysi á Spáni á árinu 2012.



Myndskeið: Buiter: "It's Five Minutes to Midnight for Greece" [hér](#)

Skuldsetning einkageirans er gríðarleg á Spáni. Hagfræðiprófessorinn Paul De Grauwe við belgíska *Leuven* háskólann segir að það hafi verið ódýrt lánsfé sem bjó til bóluna á Spáni. En þar fór fram ein stærsta byggingarbóla sögunnar á undanförunum árum. Ýmsir eru farnir að velta því fyrir sér hvernig Spánn hafi eiginlega farið að því að fjármagna þessa bólu. Það var seðlabanki Evrópusambandsins sem sá til þess að raunstýrivextir á Spáni voru þar [neikvæðir](#) árum saman. Paul De Grauwe hefur áður gagnrýnt seðlabanka Evrópusambandsins fyrir að hafa leyft myntinni evru að hækka um 100% gagnvart dollar frá því í byrjun ársins 2002; [WSJ](#) (áskrift) | [Forbes](#)

Tengt efni

- [The Bank must act to end the euro's wild rise](#) (sjá mynd að ofan)
- [Kranarnir á Spáni benda mest í átt að gjánni](#)

Miðvikudagur 9. desember 2009



Gríski harmleikur gærdagsins, þegar *Fitch* lækkaði lánshæfnismat gríska ríkisins niður í BBB+ var svo umfangsríkur, yfirgnæfandi og ógnvekjandi að ég hef ekki náð að melta þetta ennþá. En þetta er meiriháttar áfall fyrir Grikkland, gríska banka, gríska fjármálamarkaðinn og svo einnig fyrir allt myntbandalagið og fyrir Íra. Eins og vandamál Íra væru ekki nóg fyrir. Núna er hætta á smitunar áhrifum fyrir þau lönd sem standa illa á evrusvæði og fyrir allt bankakerfi evrusvæðis. Ég læt mér nægja í bili að benda á nokkrar vefslóðir sem birtust í gærkvöldi í kjölfar þessarar lækkunar *Fitch* á lánshæfni

gríska ríkisins. Ekki geta Grikkir prentað sína eigin peninga, svo mikið er víst. A- er lægsta lánshæfnismat sem seðlabanki Evrópusambandsins samþykkir sem tryggingu gegn fyrirgreiðslu. Spurning er því hvort bankar Grikklands muni getað notað skuldabréf gríska ríkisins sem trygginu (veð) þegar þeir reyna að sækja sér nauðsynlega fyrirgreiðslu hjá seðlabanka ESB þegar seðlabankinn byrjar að loka lúgu bráðavaktar? Þetta gerðist mjög óvænt og það sem er verst er að *Fitch* setti Grikkland á neikvæða listann sem þýðir að þeir munu líklega fella lánshæfnismatið ennþá meira á næstunni. Hvað gerist næst?

- Kathimerini: [Second day of riots in Athens](#)
- Bloomberg: [Greece Downgrades May Pose Problem for Banks Getting ECB Loans](#)
- WSJ: [Countries' Woes Pose Risk to Upturn](#)
- Business Week: [Greek Debt Threatens the Euro](#)
- Børsen: [Konkursfrygt i Grækenland tager tigerspring](#)
- Børsen: [EU advarer om Grækenlands økonomi](#)
- BI: [Time Bomb For The Euro: Greek Debt Poses Threat To The Common Currency](#)
- Irish Economy blog: [Who Blinks First? Ireland, Greece, the ECB, and the Bank Guarantee](#)
- Mitt eigið blog: [0,00 BANDALAGIÐ](#)
- Edward Hugh: [It's All Greek To Me](#)

Þvingaður niðurskurður á ríkisútgjöldum Írlands - sem er niðurskurður sem á að reyna að minnka hallarekstur ríkissjóðs Írlands svo hann þóknist yfirvöldum myntbandalags Evrópusambandsins og regluverki þess - mun skemma hagvöxt Írlands varanlega til lengri tíma litið. Þetta segir yfirmaður *Credit Suisse*, Michael O'Sullivan, en hann stendur fyrir ráðstöfunardeild fjármagns (e. capital allocation) hjá þessum Svissneska stórbanka. "Við álítum að það sé verið að bjarga hæfni ríkisins til skuldabréfaútgáfu á kostnað samfélagsins", segir O'Sullivan sem einnig er höfundur bókar um efnahag Írlands. Með því að skera niður núna er verið að hefta hagvaxtarmöguleika Írlands og leggja grunninn að ennþá stærrri vandamáli fyrir fjármál írska ríkisins í framtíðinni. Skattatekjur írska ríkisins munu falla um 20% á þessu ári og efnahagur landsins mun sökkva á methraða, samkvæmt spá ríkisstjórnar Írlands. "Að skera niður ríkisútgjöld er ekki lausn því það verður að koma hagvexti í gang á ný. Og hvaðan ætti sá vöxtur að koma?" [Bloomberg](#)

Athugasemd mín: öllu skal fórnað svo Írland geti hangið á fingurgómunum inni í því myntbandalagi sem bjó til bóluna á Írlandi með því að raun-stýrivextir seðlabanka ESB voru neikvæðir árum saman á Írlandi. Neikvæðir þegar þess var síst þörf. Þetta hefði varla getað gerst undir sjálfstæðum seðlabanka Írlands með eigin mynt og vaxtavopni. Þetta verður eins og Wolfgang Münchau spáði í grein sinni í sumar ([A crisis wasted](#)). Hagvexti, velmegun og velferð þegna myntbandalagsins verður fórnað svo myntbandalagið geti hangið saman á límingunni áfram. Enginn kemst út úr því aftur.



Tengt efni: Myndband: Anders Dam forstjóri *Jyske Bank* útskýrir á mannamáli fyrir evrusæknum forsætisráðherra Danmerkur hvers vegna alþjóðlegir fjármálamarkaðir álíti Svíþjóð vera betri skuldara en öll löndin inni í myntbandalagi Evrópusambandsins. Jú, segir Anders, skattatekjur sænska ríkisins munu síður þorna upp því Svíþjóð stundar virka peningapólitík með sinni eigin mynt. Þetta vita fjárfestar. Þess vegna vita þeir að greiðslugeta sænska ríkisins er hald- og endingarbetri en allra landanna inni í myntbandalaginu. Því sænska krónan mun sjá til þess að Svíþjóð verður ekki tekjulaust land þegar í harðbakka slær og því mun greiðslugeta sænska ríkisins ekki þorna upp og verða að gjalli eins og á Írlandi og í Grikklandi. Því var t.d. vaxtaálag á 10 ára skuldabréfum sænska ríkisins enn lægra en á skuldabréfum þýska ríkisins þegar kreppan geisaði sem hæst síðasta haust. Vaxtamunur Svíþjóðar var neikvæður miðað við Þýskaland (e. negative spread). Markaðurinn er ekki heimskur, alls ekki. Ekkert jafnast á við góða hagstjórn með sjálfstæðri mynt. Hér er myndbandið með Anders Dam í danska þinginu: [Anders Dam kritiserer regeringen til euro-høring](#)

Þriðjudagur 8. desember 2009

Hagvöxtur	1.fj. 2009	2.fj. 2009	3.fj. 2009	Milli ára
Finnland	- 7,6%	- 9,1%	- 9,1%	Hagst. Fin.
Ísland	- 4,4%	- 6,2%	- 7,2%	Hagst. Ísl.

Landsframleiðsla Finnlands var fallin um heil 9,1% á milli ára þegar hagstofa Finnlands birti í morgun niðurstöður mælinga sinna yfir landsframleiðslu Finnlands á þriðja fjórðungi ársins. Frá 2. til 3. fjórðungs ársins óx landsframleiðslan um 0,3%. Útflutningur er fallinn um 26,6% á milli ára á þessum 3. fjórðungi. Á öðrum fjórðungi ársins var útflutningur fallinn um heil 30,2% frá árinu áður. Fjárfestingar drógust saman um 20% á þessum 3. fjórðungi þrátt fyrir evruaðild Finnlands. Fxstreet.com skrifar að efnahagur Finnlands hafi orðið fyrir meira áfalli en efnahagur hinna Norðurlandanna vegna hins háa gengi evru myntar Finnlands. Þetta háa gengi hefur gert útflutning Finnlands dýrari en útflutning nágrannalandsanna. *Tafla:* samdráttur landsframleiðslu Finnlands og Íslands miðað við á sama tíma á árinu áður. Í Finnlandi hófst samdráttur landsframleiðslu á öðrum fjórðungi ársins 2008 en ekki fyrr en á fyrsta fjórðungi ársins 2009 á Íslandi ; [FX](#)

Þýskalandi desember 2009

BERLIN (MNI) - Greece's ballooning public deficit will be discussed at the next Governing Council meeting of the European Central Bank on December 17, German weekly Der Spiegel reported over the weekend.

"The topic will be on the agenda," the magazine cited an unnamed source from Frankfurt as saying. That mid-December gathering will be the ECB's monthly non-monetary policy meeting.

According to Der Spiegel, a Bundesbank board member recently dismissed the notion that a bankruptcy of Greece's government could endanger the euro.

"What would happen anyhow if Greece did not repay its debt?" the unidentified Bundesbank board member was quoted in the article as saying. "The euro is strong enough to support that."

[lmarketnews.com/node/5667](http://marketnews.com/node/5667)

Í gær setti lánshæfnismatsfyrirtækið *Standard & Poor's* lýðveldið Grikkland á athugunarlista sinn yfir lönd þar sem horfur eru neikvæðar. Þetta þýðir venjulega að innan tveggja mánaða verður lánshæfniseinkunn landsins lækkuð. Lánshæfnismat Grikklands var síðast lækkað í maí á þessu ári og fór þá niður í A- sem er næsti flokkur fyrir ofan BBB. Mynt Grikklands er evra. **A-** er lægsta lánshæfnismat sem seðlabanki Evrópusambandsins samþykkir sem tryggingu gegn fyrirgreiðslu úr þeim bankana bankanna. Því er hætta á að bankar Grikklands muni ekki getað notað skuldabréf gríska ríkisins sem trygginu (veð) þegar þeir reyna að sækja sér fyrirgreiðslu hjá seðlabankanum, þ.e. ef lánshæfnismat Grikklands verður fellt.

Standard & Poor's segir að það sé ólíklegt að tillögur ríkisstjórnar Grikklands nái að tryggja nægilegan niðurskurð á ríkisútgjöldum né lækkun á skuldabyrði landsins, svo komið verði böndum á hallarekstur gríska ríkisins, þ.e.a.s. verði tillögur ríkisstjórnarinnar samþykktar. Sá bardagi mun ekki ganga þegjandi og hjóðlaust fyrir sig.

Seðlabankastjóri ESB, Jean-Claude Vigilant Trichet (afsakið) segir að ríkisstjórn Grikklands þurfi að fara út í "hugrakkan" niðurskurð á útgjöldum ríkisins. Þetta er auðveldara sagt en gert hjá bankastjóranum sem aldrei hefur verið kosinn af neinum til neins. Það voru reyndar hinar algerlega öndverðu fyrirætlanir sem komu nýlega kjörinni ríkisstjórn Grikklands í valdastóla landsins. Hún komst í valdastólana vegna þess að hún [lofaði](#) kjósendum bættri opinberri þjónustu og meiri velferð.

German factory orders unexpectedly declined 2.1 percent from September, the Economy Ministry in Berlin said today. Economists expected a 0.8 percent gain in October, according to a Bloomberg survey; [hér](#)

Við sama tækifæri setti S&P einnig evrulandið Portúgal á neikvæða listann sem þýðir líklega að landið verður gengisfelld sem alþjóðlegur skuldari í byrjun næsta árs. Þar voru það hinar varnalega lélegu hagvaxtarhorfur landsins sem OECD varaði við fyrir skömmu, hratt versnandi afkoma ríkisins og skuldastaða ríkissjóðs sem fengu S&P til að klippa

blað úr einkunnarbók portúgalska ríkisins sem skuldara. Það verður 8% taprekstur á ríkissjóði Portúgals á þessu ári og svo einnig á því næsta. Án hagvaxtar mun Portúgalska ríkið ekki verða fært um að koma böndum yfir taprekstur ríkisins. Ríki sem eru rekin með tapi (eyða meiri peningum en þau hafa til umráða) ætlast yfirleitt til að það séu lánadrottinnar (fjárfestar í ríkiskuldabréfum) sem fjármagni tap ríkissjóðs. Oft eru þeir viljugir til þess. En því hættulegri sem tapreksturinn er því meira krefjast fjárfestar í þóknun fyrir að kaupa áhættuna af ríkinu - og því dýrara verður fyrir landið að fá þessi lán hjá fjármagnseigendum til að fjármagna tapið. Þetta bitur svo að segja í skottið á sér. Slóðir; [WSJ](#) | Edward Hugh; [It's All Greek To Me](#) | Moggablogg [0,00 BANDALAGIÐ](#)

Gríska ríkisstjórnin hefur þegar mótttekið alvarlegt bréf frá yfirvöldum myntbandalagsins; [Kathimerini 1. des](#)

Athugasemd mín; Það gengur sem sagt illa að planta þýskum hefðum þýskrar hagfræði niður í jörðina undir fótum margra ríkja evrusvæðis. Er þetta slæmt? Nei þetta er ekki slæmt. Þetta er mjög gott. Það eru mjög fáir sem hugsa út í það að ef öll lönd heimsins ætluðu að keyra sömu þráhyggjustefnu og stöðugleika-fetishisma og Þýskaland gerir og hefur gert, þá værum við öll gjaldþrota. Við værum það því Þýskaland lifir að mestum hluta til á eftirspurn frá öðrum löndum. Löndum sem eru eða hafa sterka neytendur í sínum hagkerfum. Þetta þýska land vill helst ekki kaupa neitt af öðrum löndum. Þessu efnahagslíkani Þýskalands er nú reynt að planta ofaní jörðina á öllu evrusvæðinu, því flestir innviðir og reglur á evrusvæðinu miðast við þetta eina land. Í stuttu máli: Þýskaland ræður svo að segja öllu á evrusvæðinu.

Í efnahagshugum Þjóðverja er aðeins til einn móralskur jöfnuður (balance); nefnilega hagnaður á viðskiptum Þýskalands við umheiminn. En þetta er ekki jöfnuður heldur ójafnvægi (imbalance). Þessi hagnaður Þýskalands við útlönd fer að nálgast 1 billjón evrur á ekki svo löngum tíma (ég man ekki hinn nákvæma árafjölda). Þetta ójafnvægi Þýskalands við umheiminn er ein af helstu orsökum þeirrar efnahagskreppu sem nú ríkir í heiminum okkar.

The point is that the creation of the euro has transplanted German policy traditions onto the European level or, more precisely, onto the level of "Euroland"

Þegar maður er lítið land - kannski Ísland - og rekst á svona land með svona efnahagsstefnu eins og Þýskaland hefur, þá er aðeins eitt sem gildir. Það er aðeins eitt sem svona lönd skilja, og það er massíf gengisfelling! En það krefst þó þess að maður hafi einhverja mynt til að fella. Ef maður hefur það ekki, þá endar maður líf sitt sem nýlenda, þræll og einka-útflutningsmarkaður Þýskalands, þ.e. sé maður svo vitlaus að hafa álpast inn í ESB í stundar geðveikis- og hræðslukasti. Þá fær maður svona bréf eins og Grikkir eru að fá frá yfirvöldum evrusvæðis núna. "*Kæft, tritt & retning*"- bréf frá að ofan.

Það er alveg sama hvað hin löndin á evrusvæðinu gera til að bæta samkeppnishæfni sína við Þýskaland. Þýskaland mun alltaf sigra í þeirri samkeppni [*competitive internal*

devaluations, beggar thy neighbour]. Ef hin löndin skera niður, lækka laun, lækka kostnað, hagræða og breyta hjá sér - þá mun Þýskaland alltaf koma og skera enn meira niður, lækka laun enn meira, lækka kostnað enn meira og hagræða enn meira - og spara sig jafnvel í hel, ef þörf krefur. Svo getur Þýskaland líka sett ranga og heftandi stýrivexti á hjá nágrönnum sínum og þannig skemmt samkeppnishæfni þeirra. Þetta er algerlega fyrirfram vonaust. Þess vegna má Ísland aldrei sleppa myntvopninu sínu, krónunni. Því þá er Ísland dauðadæmt í samkeppninni. Ísland verður aldrei innfæddur sérfræðingur í innvortis gengisfellingum eins og Þýskaland. Til þess er íslenska þjóðin alltof ung, kröftug og full af lífi. Þýskaland er hins vegar stærsta elliheimili heimsins.

Heimurinn ætti að krefjast þess núna að Þýskaland aðlagist loksins umheiminum. Nóg er komið af hagfræðilega þýskum heilaskurðlækningum í Evrópu. Þetta mun enda með ósköpum. *Tengt efni*: ágætis grein Jörg Bibow á vefsetri *New America Foundation*; [The American-German Divide](#)

Mánudagur 7. desember 2009



Mynd: [Ireland after NAMA](#) | [Residential Vacancies](#)

Enn heldur fasteignaverð áfram að falla á Írlandi. Á milli september og október mánaða féll húsnæðisverð um 1,8% á Írlandi og er það mesta fall á einum mánuði síðan í apríl á þessu ári. Frá því í október á síðasta ári hefur fasteignaverð fallið um 13,9%. Húsnæðisverð á Írlandi hefur nú fallið í hverjum einasta mánuði frá því mars 2007. Lækkunin er nú orðin 27%. Ef tala ætti um lækkun raunverðs þá þarf að hafa í huga að það er ca. 6,6% neikvæð verðbólga (verðhjöðnun) á Írlandi núna. Skuldir fasteigna rýrna ekki en það gerir verðmæti þeirra. Mikil launalækkun hefur einnig átt sér stað á Írlandi. Meðalverð húsnæðis er nú það lægsta síðan 2003. "*Við yrðum ekki hissa þó fasteignaverð félli um 25% í viðbót og lækkaði þar með niður á verðlagið eins og það var árið 2001. Verðlag fasteigna er ennþá sögulega hátt*" sagði greinandinn Ben May hjá Capital Economics; [IE](#) | [IT](#)

Telegraph: [It's a return to the Star Chamber as Europe finally tramples Magna Carta into the dust](#)

Samkvæmt rannsókn *Global Property Guide* á þriðja fjórðungi ársins hafði fasteignaverð þá fallið um 59,7% í Lettlandi, 48,1% í Dubai, 28,7% í Búlgaríu og 15,3% í Slóvakíu, svo nokkur dæmi séu nefnd.

MBL: [Þung spor Alistairs Darling](#)

Hagstofan: [Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 2009](#)

Finnar kvarta yfir skorti á lánsfjármagni til fyrirtækja í Finnlandi. Aðeins 3% Finna vinna í fyrirtækjum sem vaxa meira en 10% á ári. Frumkvöðlar kvarta yfir fjármagnsskorti og einnig yfir skorti á framtíðarsýn sem nær út yfir landssteina Finnlands. Rekstur sé ekki nógu oft hafinn með það fyrir augum að starfsemin setji sér sem markmið að hafa heiminn allan sem markaðssvæði. Hvar er árangurinn af veru Finnlands í myntbandalaginu? Hvers vegna kvarta Finnar yfir skorti á fjármagni? Átti evran ekki að leysa þetta? Af hverju reynist þessi kreppa verri fyrir landsframleiðslu Finnlands en stóra kreppan gerði árin 1990-1994 þegar Sovétríkin féllu? Hvað er að? Er evran svona lélegur gjaldmiðill? Vantar Finna ekki bara Finnska markið sitt til baka og svo heilbrigða skynsemi? [The fundamentally broken Finnish funding system](#)

SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>